

Stóri-Núpur

Fornleifakönnun

Birna Lárusdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS147-01081
Reykjavík 2001



© Fornleifastofnun Íslands

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Löggjöf um minjavérnd	4
3.	Fyrri athuganir og staðhættir	5
4.	Fornleifaskrá.....	6
5.	Niðurstöður.....	10
6.	Tillaga um aðgerðir	11

1. Inngangur

Unnið er að gerð deiliskipulags umhverfis bæinn á Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi. Til stendur að stækka kirkjugarðinn til suðurs og að auki eru fyrirhugaðar byggingar, annars vegar bílskúr upp við íbúðarhús sem stendur vestast allra íbúðarhúsanna og hins vegar viðbygging við gamalt timburhús sem stendur á bæjarhólnum. Vorið 2001 fór Reynir Vilhjálmsson hjá Landslagi ehf. þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði fornleifaskráningu á deiliskipulagsreitnum. Skráningin var gerð 27. júní 2001 af Birnu Lárusdóttur en áður hafði hún safnað rituðum heimildum um fornleifar á Stóra-Núpi. Verkið var unnið undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings. Heimildamenn voru Katrín Briem og Hugi Ármannsson á Stóra-Núpi og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hafa verið gerða breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr.88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...”

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þesari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkjna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. grein þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú telur … sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.“

3. Fyrri athuganir og staðhættir

Engin fornleifakönnun hefur áður farið fram í landi Stóra-Núps. Jafnan er talið að byggð sé þar gömul. Bærinn stendur í skjóli vestanundir svonefndum Núp sem nær töluvert langt suður fyrir bæinn, allt að bænum Minna-Núpi. Norðan bæjarins gnaefir Stöðulklettur. Túnstæði er sunnan og vestan við, á þurrum bletti undir bröttum og grónum hlíðum, ekki mjög stórt frá náttúrunnar hendi. Þar sem land lækkar tekur við myri sem hefur nú að nokkru leyti verið framræst. Gamli bærinn og kirkjan standa á sérkennilegum stalli sem er aflíðandi að vestan en snarbrattur að austan og sunnan.

4. Fornleifaskrá

Skrá yfir fornleifar

ÁR-292 Stóri-Núpur

60 hdr. 1709. Bændaeign að hálfu og kirkjueign að hálfu. Minni Núpur hjáleiga 1709, byggð fyrir manna minni í úthögum. Hátún, eyðihjáleiga 1709, byggð fyrir manna minni við heimatúnið, í byggð til 1701 eða 1702. 1709 átti jörðin skóg í Sölmundarholti í Sandártungulandi í Þjórsárdal. Þar heitir jarðvegstorfa enn Núpsskógr.

1919: Tún 8,06 ha., þar af slétt um 2/3. Garðar 9,9 arar. "Jörðin er stór og hefur allt tíð verið talin ein besta jörð í sveitinni. Landið er af ýmsum tegundum. Þar er fjalllendi, gróskumikill mýrarfláki og //grskil// valllendi á hrauni. [...] Bærinn stendur vestanundir Núpnum, sem ásamt Stöðulklettinum skýlir honum fyrir hááttinni." Sunnlenskar byggðir I, 402.

ÁR-292:001 Stóri-Núpur bæjarhóll bústaður 64°03.251N 20°09.774V

"Það sem hér er kallað Bærinn er hið forna bæjarstæði Stóra-Núps. Þar stendur stórt timburhús, sem Valdimar Briem lét byggja 1897, árið eftir jarðskjálftana miklu", segir í örnefnaskrá. Hús Valdimars stendur enn norðan kirkjunnar og er búið í því að mestum hluta. Þar stóð áður torfbær sem hrundi í jarðskjálftunum, þá aðeins 13 ára gamall.

Húsið stendur á dálitlum hól norðan við kirkjuna, hallar fram af honum til vesturs og þar fyrir neðan er vegur heim að öðrum íbúðarhúsum á Stóra-Núpi, alls þremur talsins. Trjágarður er bakatil eða austan við gamla íbúðarhúsið. Allgreinileg hólmyndun er undir húsinu, t.a.m. stendur það hærra en bæði kirkjan, sunnan við og nýrra íbúðarhús norðan við. Undir því er kjallari, líklega ekki mikið niðurgrafinn. Áður var kálgarður framan við bæinn, í brekku móti vestri, en var ekki endurreistur eftir jarðskjálftana.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-292:002 Kirkjuhóll kirkjugarður kirkja 64°03.235N 20°09.753V

"Vestasti hluti ranans beint vestur af kirkjunni heiti Kirkjuhóll", segir í örnefnaskrá. Kirkjan er 40-50 m suður af bæjarhól. Kirkjan stendur á hól sem í raun er samtengdur bæjarhólnum. Hallar fram af honum til vesturs en einnig er brattur bakki að austan- og sunnanverðu.

Kirkjan stendur austarlega í kirkjugarðinum. Elstu leiðin eru næst henni, einkum að norðan og austan og hefur aldrei verið slétt að yfir kirkjugarðinn. Hann var síðast staekkaður 1979, til vesturs, og sést sú stakkun greinilega því að sá hluti er um 1 m lægri en eldri hlutinn. Ekki sést hlaðinn garður umhverfis eldri hluta kirkjugarðsins.

1397: "Olafskirkia ad gnvpe a so micid j heimalandi sem prestz skylld oc diakna heyrer til." DI IV, 47 "[1491-1518] Máldagi Stóranúpskirkju í Eystrahrepp. Kirkia sancti olaui konungs a nupi i eystra hrepp a svo mickid i heimalandi stem stendr fyrer prestzskyld oc diackna." DI VII, 44

Í Sunnlenskum byggðum segir: "Ekki er vitað hvenær kirkja er fyrst reist á Stóra-Núpi, en samkvæmt kirknatali Páls Jónssonar, biskups, sem er gert um 1200, er kirkjan komin þar. Árið 1876 var rifin forn kirkja á staðnum. Var það veglegt hús með talsverðum útskurði, byggt í gömlum stfl, svonefndum útbrotastfl, sem áður var algengur."

Sunnlenskar byggðir I, 342.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 5; Sunnlenskar byggðir I, 342.

ÁR-292:003 Heimaland tóft býli 64°03.201N 20°09.699V

"Norðarlega á Þinghúsflötum er eyðibýlið Heimaland. Þar sjást mjög greinilegar bæjarrústir, en



enga heimild hef ég getað fundið um býlið", segir í örnefnaskrá. Rústin sést enn, um 70 m SSA af

kirkjunni 002. Engar frekari heimildir hafa fundist um hana.

Milli kirkjugarðsins og rústarinnar er einkennileg, aflöng laut, þróng austan kirkjunnar en breikkar til suðvesturs. Tóftin er á hól suðaustan lautarinnar. Beint ofan og austan við hana er lítill, afgirtur

skiki með rjám. Þetta er utan túns. Tóftin er mjög sigin og ógreinileg en naumlega má greina veggi og hólf. Stærð alls 18 x 12 m, snýr N-S. Nyrst er stórt hólf, alls um 12 x 12 m en það skiptist að því er virðist í 2-3 minni hólf, enda örlar á veggstubbum vestan megin, þvert á hólfíð. Op virðist á norðvesturhorni. Í suðausturhorni er greinilegt hólf sem opnast í vestur, stærð um 4 x 5 m. Gegnt því, á útvegg rústarinnar, er greinilegt op. Það er hugsanlegt að op hafi verið á suðurenda en þar eru hleðslur mjög signar og ekkert hægt að fullyrða. Hvergi sér í grjót og veggir eru mjög útfattir. Þessi staður er líklega rétt fyrir utan

deiliskipulagssvæðið og ekki í teljandi hættu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 7

ÁR-292:004 *Pinghúsflatir* heimild þingstaður 64°03.174N 20°09.742V

"Sunnan við Kirkjulaut eru Þinghúsflatir. Þær draga nafn af þinghúsi Gnúpverja, sem var þar til ársins 1882. Neðst á flötunum var Þinghústótt, sem var mjög greinileg á bernskuárum mínum", segir í örnefnaskrá. Tóft þessi er nú ekki þekkt lengur en greinilegt er af lýsingunni að átt er við flatirnar sunnan við kirkjuna. Lýsingin bendir til að tóftin hafi verið sunnarlega á flötunum. Þar, tæpa 150 m suður af kirkjunni er nú rauðt, gamaldags bárujárnshús.

Sléttar flatir í brekkurótum. Vestur af þeim fer land lækkandi og við tekur myri.

Hvergi sjást tóftaleifar og er staðurinn utan deiliskipulagsreits.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 7

ÁR-292:005 *Hringurinn* tóft rétt 64°03.222N 20°09.820V

"Við Kirkjuhlólinn eru leifar af hringlaga hestarétt kirkjufólks. Hún er kölluð Hringurinn", segir í örnefnaskrá. Réttin er fast suðvestan við kirkjugarðinn, í rótum hóls.

Réttin er grjóthlaðin á sléttum fleti. Heimreiðin er fast vestan við en handan hennar tún.

Réttin var hlaðin upp 1988 í minningu feðganna frá Skriðufelli, Magnúsar Bergssonar og Bergs Magnússonar. Hún er um 12 m í þvermál, næstum nákvæmlega hringlaga. Veggir grónir að utanverðu, allt að 1,6 m háir og 8-9 umför af hleðslum. Op er í suðvestur, þar er veglegt járngrindahlið. Réttin er notuð af og til fyrir hross gesta. Áður en réttin var hlaðin upp var hún að hruni komin og ónothaef. Gamla grjótið var notað í nýju hleðslurnar en auk þess var nýtt grjót flutt á staðinn, einnig til að hlaða grjótvegg sem er norðan við tröppur upp að kirkjunni. Stærð réttarinnar var látin halda sér.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 6

ÁR-292:006 tóft smiðja 64°03.257N 20°09.735V

Útilús var um 10 m austur af bæjarhól á túnakorti 1919. Þar er enn tóft, fast austan við norðurhluta gamla hússins sem stendur á bæjarhól. Tóftin er í garði að húsabaki. Umhverfis eru há tré, t.d. aspir nema að austan. Þar er slétt flót og svo gil, Brunngil, utan garðsins.


Tóft þessi er af smiðju. Tóftin er mjög heilleg, snýr A-V með dyr í vestur. Í henni er hálffallið bárujárnsþak sem rís hæst við austurgaflinn. Auk þess er mikil af timbri úr grind hússins.

Veggirnir eru grjóthlaðnir, að miklu leyti grónir að utan nema á suðurlanghlið, þar er moldarflag.

Stærð 5,5 x 7 m, veggjahæð mest 1,6 m. Innst í tóftinni er steyptur stallur, líklega hluti af gólfí. Þil í smiðjunni var úr gamla torfbænum, þeim sem hrundi í jarðskjálftum 1897. Til stóð að gera hana upp en ekki hefur orðið af því.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



ÁR-292:007 heimild útihús 64°03.266N 20°09.771V

"Rétt norðan við bæinn á Stóra-Núpi er heyhlaða og áfost henni að norðan voru ádur fjós og

hesthús, sem nú eru aflögð", segir í örnefnaskrá. Þetta eru líklega sömu hús og sjást á túnakorti frá 1919, hafa staðið 40-50 m norður af timburhúsinu sem Valdimar Briem byggði á bæjarhólnum. Þar stendur nú nýlegt, stórt íbúðarhús en framan við það er malarplan.

Lægð norðan bæjarhóls. Tóftir útihúsanna voru látnar víkja þegar íbúðarhúsið var byggt. Hlaðan var mikið mannvirki eins og ráða má af grunnfleti hússanna á túnakorti. Skv. Katrínu Briem var hún allt að tvær mannhæðir á dýpt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 6

ÁR-292:008 heimild traðir 64°03.249N 20°09.794V

Á túnakorti 1919 sést heimreið að bænum úr suðri-suðaustri, hugsanlega traðir. Þær hafa legið skáhallt til norðausturs, framhljá hestaréttinni (005) og í stefnu á útihúsin (007) sem stóðu norðan bæjar. Nú liggur heimreiðin á svipuðum slóðum, þó er mögulegt að traðirnar hafi legið dálitið austar en hún. Ekkert sést til traðanna og raunar óvist að þær hafi verið upphlaðnar, mögulega aðeins troðningur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-292:009 Fornufjós tóft fjós 64°03.267N 20°09.897V

"Suðvestan í honum [Hestaréttarhóll] eru Fornufjós. Þar sést enn greinileg tótt, sem í mínu ungdæmi var alltaf kölluð Fjóstótt", segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir: "Vestan við bæinn eru Fornufjós, þar var bær ádur fyrr." Hestaréttarhóll er beint framan eða vestan við norðvestasta íbúðarhúsið á Stóra-Núpi.

Greinilegur hóll, áfastur túni. Nú er á honum rafmagnsgirðing fyrir hross og hóllinn því bitinn. Afar rústalegur hóll og sker sig mjög úr túminu, stærð alls um 30 x 30 m. Hugsanlegt er að hluti hans hafi lent undir íbúðarhúsinu austan við. Fremst í miðjum hólnum mótar fyrir ferhyrndum garði, alls um 10 x 5 m, sem gæti verið seinni tíma kálgarður. Suðvestast, um 5 m vestan við garðlagið, mótar fyrir hólfí í hólnum, alls 5 x 3 m með op í suðvestur. Hæð hóls allt að 1,5 m.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 6; Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 61

ÁR-292:010 Fjósbrunnur heimild brunnur 64°03.263N 20°09.915V

"Beint niður af henni [Fjóstótt 009] var djúp, grasigróin hola í túminu, sem ávallt var kölluð Fjósbrunnur. Hún sést nú ekki lengur vegna túnasléttunar", segir í örnefnaskrá. Nú er ekki ljóst hvar Fjósbrunnur var en líklegast að það hafi verið vestur eða suðvestur af 009.

Sléttan túni. Engar leifar sjást af brunninum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 6

ÁR-292:011 Fjóshóll örnefni fjós 64°03.259N 20°09.921V

"Í suðvestur frá Hestaréttarhól er Fjóshóll", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 30-40 m suðvestur af

009. Ávalur hóll í ræktuðu túni, er raunar hluti þess. Býsna hár og mikill.

Hvorki er vitneskja né merki um fjós á hólnum. Hugsanlegt að hann sé kenndur við fjós sem talið er að hafi staðið á Hestaréttarhól, sbr. 009.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur, 6



Deiliskipulagssvæði. Minjastaðir merktir inn á kort frá Landslagi-landslagsarkitektum. Bláu línurnar sýna útlínur bæjarhóls og mörk hins gamla kirkjugarðs eins og hann var í upphafi 20. aldar.

5. Niðurstöður

Alls voru skráðir 11 minjastaðir á deiliskipulagsreitnum, þar af eru tveir á mörkum skipulagsins, rústir sem nefnast Heimaland (**003**) og Þinghúslatir (**004**).

Merkust fornleifa innan skipulagssvæðisins er líklega bæjarhóllinn sjálfur (**001**). Hann hefur lítt verið skemmdur af síðari tíma byggingum en slíkt er fátítt um bæjarhóla sem enn er búið á. Aldrei hefur verið beitt á hann stórvirkum vinnuvélum, enda húsið sem á honum stendur byggt fyrir aldamótin 1900. Í hólnum leynast vafalítið minjar um búsetu manna á Stóra-Núpi um aldir, enda ekki vitað til þess að bæjarstæðið hafi nokkurn tíma verið fært. Aftan við gamla íbúðarhúsið er svo vel varðveitt smiðjutóft (**006**), eina verulega heillega tóftin innan deiliskipulagsreitsins. Ekki stendur til að raska henni, enda full ástæða til varðveislu og tóftin að minnsta kosti rúmlega 100 ára gömul að grunninum til. Enn mótar fyrir tóft á Hestaréttarhól, líklega er það sú sem áður fyrr var nefnd Fornufjós (**009**). Í örnefnaskrá er talið að þar hafi forðum staðið bær en ekki er ljóst hvaða heimildir eru fyrir því. Um allstóran rústahól er að ræða og ekki ljóst af yfirborðseinkennum hvort hann er af fjósi eða öðru mannvirki.

Hringurinn (**005**) er hestarátt suðvestan kirkjugarðsins, hún hefur verið faglega hlaðin upp í upprunalegri mynd. Má segja að hún sé í einna mestri hættu allra minjanna vegna nálægðar við fyrirhugaða stækkun kirkjugarðs. Hringurinn er til mikillar prýði og líklega vilji bæði íbúa og framkvæmdaraðila að honum verði ekki spillt. Þó þarf gæta þarf ítrustu varkárni þegar til framkvæmda kemur.

Nokkrar minjar á svæðinu eru þegar horfnar vegna bygginga, túnræktar eða veglagningar. Þetta eru traðir (**008**), úтиhús (**007**) og Fjósbrunnur (**010**).

Þær minjar sem helst eru í uppnámi eru eftirfarandi:

- Rústirnar Heimaland (**003**) og Hringurinn (**005**) eru við jaðar fyrirhugaðrar stækkunar á kirkjugarði.
- Fornufjós (**009**) eru framan við íbúðarhús norðvestan bæjar, þar stendur til að byggja bílskúr.
- Bæjarhóllinn (**001**) og smiðjan (**006**) eru í hættu, þ.e. ef til þess kemur að byggt verði við gamla íbúðarhúsið.

6. Tillaga um aðgerðir

- Lagt er til að ítrustu varkárni verði gætt við framkvæmdir í námunda við Hringinn (**005**) og Heimaland (**003**).
- Lagt er til að Fornufjósum (**009**) verði ekki raskað á neinn hátt nema að viðstöddum fornleifafræðingi.
- Ekki má byggja á bæjarhól nema að undangenginni rannsókn.
- Lagt er til að smiðjutóft (**006**) verði hlíft ef til framkvæmda kemur við bæjarhól.